

**Nd.** **517. Frumvarp til laga** [230. mál]  
um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 453 og 511 með þessari breytingu:

I. liður ákvæða til bráðabirgða í VIII. kafla hljóðar svo:

I.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 48.—51. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaviðauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.